

# Ársskýrsla

Héraðsskjalasafns Svarfdæla

2012



Dalvík 2013

# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

---

## Inngangur

Héraðsskjalasafn Svarfdæla var stofnað 1980 og starfar nú samkvæmt reglugerð sem samþykkt var árið 2002. Skjalasafnið fellur undir menningarráð sem í sitja Freyr Antonsson formaður, Þóra Rósa Geirsdóttir varaformaður og Hlín Torfadóttir. Forstöðumaður safnsins er Laufey Eiríksdóttir sem tók við af Sigurlaugu Stefánsdóttur 1. ágúst 2012.

## Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara Ráðhúss Dalvíkur og er stærð húsnæðis um 130 m<sup>2</sup>. Miklar breytingar urðu á húsnæði safnsins á árinu þegar gerður var milliveggur sem aðskilur nú geymslu Dalvíkurbyggðar frá húsnæði safnsins. Þessar breytingar ásamt öðru urðu til þess að safnið var að mestu lokað í byrjun nóvember og til ársloka. Þannig varð starfstími safnsins styttri en venjulega eða aðeins átta mánuðir.

## Starfsmannamál

Anna Baldvina Jóhannsdóttir starfaði á safninu í 50% starfshlutfalli. Sigurlaug Stefánsdóttir í 10% starfi frá janúar – júní og Laufey Eiríksdóttir í 10% starfi frá ágúst-december. Vegna sumarfría var safnið lokað frá 1. júní – 1. sept. og vegna forfalla á bókasafni var Anna Baldvina færð til í starfi frá og með 1. desember, þannig að starfsemi skjalasafnsins var aðeins í 8 mánuði á árinu 2012. Þá mánuði var opnunartími safnsins 4 klst á viku.

Laufey Eiríksdóttir sótti 2ja daga ráðstefnu héraðsskjalavarða á Akureyri dagana 27. og 28. september.



# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

## Starfsemin á árinu 2012

Verkefni norræna skjaladagsins sem haldinn er ár hvert í október var að þessu sinni starfsemi íþróttafélaga. Héraðsskjalasafnið valdi að segja frá byggingu sundskála Svarfdæla og sendi myndir og grein sem birt var á heimasíðu skjaladagsins. Á sama tíma var sett upp lítil sýning í Bergi á skjölum og handskrifuðum félagsblöðum ungmennafélaganna sem starfað hafa í Dalvíkurbyggð.



Í október hófust vikulegir fundir áhugafólks um gamlar ljósmyndir í eigu safnsins. Ljósmyndir voru skannaðar og birtar í Powerpoint sýningum og þátttakendur gáfu upp eins mikið af upplýsingum um viðkomandi myndir og mögulegt var. Reynt var að uppfylla eftirfarandi upplýsingar um hverja mynd: Hver var ljósmyndari, hvenær er myndin tekin, hvaða persónur eru á myndinni (nafn, fjöðurnafn, fæðingarár), af hvaða tilefni er myndin tekin o.s.frv. Hópurinn hittist á hverjum þriðjudegi kl. 10:00-12:00 í Bergi og frá október – desember tóku alls um 20 manns þátt í starfinu. Stefnt er að því að sýna afraksturinn verði sýndur opinberlega vorið 2013.



## Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Anna Baldvina starfsmaður skjalasafnsins ásamt Jóni Arnari Sverrissyni sá um að setja upp sýningu í Bergi á aðventunni sem samanstóð af völdum jólakortum, raðað eftir áratugum, efni og/eða listamönnum

Skjalasafnið hlaut 100.000 kr. Styrk frá menningarráði ????? til að vinna að því að gera hljóðupptökur sem til eru á diskum á safninu hæfar til að senda út á netinu. Til þess verkefnis var Hans Friðrik Guðmundsson fenginn til að skrá efni diskana og vista á flakkara þannig að nú eru upptökur gamals efnis bæði til á diskum og á flakkara og tilbúið til útsendingar á netinu

Fyrirspurnir til safnsins voru 26 sem tók mislangan tíma að leysa úr. Afhendingar voru eingöngu skráðar fyrri hluta ársins en þær voru 28 sem fengu endanlegan frágang í hillu. Skrá yfir afhendingar fylgir hér með.

Afhendingarnúmer	Heiti safns	Tímabil	Móttekið
1/2012	Jóhann Daníelsson	1950-2005	24.1.2012
2-3/2012	Bókasafn/lestrarfélag Svarfdæla	1959-1985	19.3.2012
4/2012	Ársskýrslur	2004-2008	26.1.2012
5/2012	Frystihús Samherja Dalvík	1977-1978	5.1.2012
6/2012	Sálmaskrár/Minningargreinar	1901-2000	
7/2012	Kvenfélagið Tilraun Svarfaðardal	2005-2010	21.3.2012
8/2012	Dalvíkurbyggð/kjörskrár	2003-2010	19.3.2012
9/2012	Minningarsjóður Jóns Stefánssonar	1978-1992	4.4.2012
10/2012	Sálmaskrá	2012-2012	25.1.2012
11/2012	Skólabækur	2012-2012	10.4.2012
12/2012	Ættfræði	2012-2012	12.4.2012
13/2012	Jón Emil Stefánsson	1980-1980	17.4.2012
14/2012	Árskógarskóli	1990-2012	27.4.2012
15/2012	Hátíðarljóð samvinnumanna	2012-2012	15.5.2012
16/2012	Þorgils Sigurðsson	2012-2012	23.5.2012
17/2012	Hugrún	1974-1974	24.5.2012
18-19/2012	Jóhann Daníelsson	1955-2012	24.5.2012

## Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

---

20/2012	Ljósmyndir stórar	1935-????	2.5.2012
21/2012	Sálmaskrá	2010-2010	
22/2012	Jóhann Daníelsson		16.5.2012
23/2012	Anna Arngrímsdóttir	2012-2012	31.5.2012
24/2012	Kristján Ólafsson	1972-2003	8.6.2012
25/2012	Veiðifélag Svarfaðardalsá	1932-1964	21.6.2012
26/2012	Húsabakkaskóli-Sundskáli	1970-1973	
27/2012	Leikbær – Árskógi	1985-2012	25.6.2012
28/2012	Húsabakkaskóli		15.6.2012

### Rekstur skjalasafnsins

Tekjur	-230.500
Laun og launatengd gjöld	2.567.748
Vörukaup	466.685
<u>Þjónustukaup</u>	<u>1.963.181</u>
Samtals	4.767.748

Dalvík 20. mars 2013

---

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður